

— *Bréf landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um tíundarfrelsi jarða.* — **91**
 Í þóknanlegu bræfi 12. p. m. sögðu stiptsyfirvöldin mér álit sitt um bréf prestsins í
 18. apríl.
 Hítarnespingum síra Snorra Norðfjörðs, þar sem hann í tilefni af hinum nýju skattalög-
 um spurð fyrir um, hvort honum og hlutaðeigandi kirkju beri að gjöra tilkall til tíundar
 af nokkrum jörðum í prestakallinu, er áður hafi verið undanþegnar gjaldi til prests og
 kirkju, og ef svo sje, af hverjum beri að krefjast gjaldsins.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut-
 aðeiganda, að jeg er yður samdóma um, að skattalögin frá 14. desbr. 1877 gjöri enga
 breytingu á tíundarfrelsi einstakra jarða gagnvart presti og kirkju.

— *Bréf landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um Hörgs-* **92**
lands og Kaldaðarness spítala jarðir. — Með þóknanlegu bræfi frá í-
 18. apríl.
 gær hafið þjer, herra amtmaður, endursent mér beiðni hins setta umboðsmanns Kirkju-
 bæjar og Þykkvabæjarklausturs Ólafs Pálssonar á Höfðabrekku og álit sýslumannsins í
 Skaptafellssýslu viðvíkjandi því, hvort Ólafi verði leyft að halda byggingarráðum yfir spítala-
 jörðunni Hörgslandi, þó að hann sjálfur búi á Höfðabrekku. Leggið þjer til, að beiðni þessi
 verði ekki tekin til greina, en að gjörð verði ráðstöfun til, að jörð þessi verði byggð á
 sama hátt og aðrar umboðsjarðir, og þannig að gjörð verði ný ákvörðun um byggingar-
 skilmálana, eptir að nákvæmra skýringa þar um hefir verið leitað.

Fyrir því vil jeg, með því að jeg er yður, herra amtmaður, samdóma um, að það
 megí ekki láta mann, er býr í mikilli fjarlægð frá jörð, er landsjóðurinn á, halda áfram að
 vera leiguliða á henni, — hjer með þjónustusamlega skora á yður að gjöra ráðstöfun til, að
 Ólafi Pálssyni verði byggt út af jörðunni Hörgslandi frá fardögum 1880, svo og að leita
 nauðsynlegra skýringa og tillaga um ástand nefndrar spítalajarðar og leigumála þann, er hún
 verður sanngjarnlega byggð með, allt samkvæmt hinum almennu reglum, sem settar eru
 í bræfi mínu frá 19. septbr. 1877 (stjórnartíð. B 112) um byggingu og ábúð þjóðjarða,
 og bið jeg mér síðan send skjöl þessi með ummælum hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda.

Á meðan að leiguliði Hörgslands er settur umboðsmaður Kirkju- og Þykkva-
 bæjarklaustursumboðs skal umsjónin með umboðsjörðinni Hörgslandi falin sýslumannin-
 um í Skaptafellssýslu, og eruð þjer beðnir að skipa honum hið nauðsynlega í þessu
 tilliti.

Með því að jeg heldur ekki hefi meðtekið hinar áminnztu skýrslur og tillögur
 með tilliti til spítalajarðarinnar Kaldaðarness í Árnessýslu, vil jeg skora á yður, herra
 amtmaður, að útvega skýrslur þessar og senda mér þær. Sýslumanninum í Árnessýslu
 ber sömuleiðis að takast á hendur fyrst um sinn umsjónina með jörð þessari eptir nán-
 ari skipun yðar, herra amtmaður.

— *Bréf landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um lögtaks-* **93**
skipun. — Eptir að jeg með þóknanlegu bræfi yðar, herra amtmaður, frá 10. febr. p.
 9. júní.
 á. hafði endurfengið umkvörtun þá, er jeg sendi yður 4. júní f. á., og þar sem oddviti
 hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi ber sig upp undan því, að sýslumaðurinn í Eyjafjarð-
 arsýslu hafi neitað um samþykki sitt til þess, að taka lögtaki 6 kr., sem vorið 1877 voru
 gjörðar Jóhannesi kandidat Halldórssyni í fátækraútsvar í nefndum hreppi, vil jeg hjer

Hinn 19. september 1879.